



Borgarnesi 10.02 2021

Alþingi
b.t. Atvinnuveganefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um jarðalög, 375 mál.

Atvinnuveganefnd Alþingis óskaði eftir umsögn Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV) um frumvarp til laga um jarðalög (einföldun regluverks, vernd landbúnaðarlands, upplýsingaskyldu o.fl.) sem barst með tölvupósti dags. 22. janúar 2021.

SSV tekur undir þær fyrirætlanir um einföldun regluverks og stjórnáslu jarðamála sem eru kjarni frumvarpsins. Því fagnar SSV að felld sé úr lögum ákvæði um skyldu ráðherra til að samþykkja breytta landnotkun á landbúnaðarsvæðum. Hins vegar er mikilvægt að stjórnvöld móti áfram skýra stefnu í landbúnaðarmálum í heild sinni og þá m.a. hvað varðar landnýtingu.

Með hliðsjón af því að landbúnaðar skapar byggðafestu í dreifbýli fagnar SSV því að frumvarpið leggur upp með að styrkja eigi forkaupsrétt ábúenda.

Margt bendir til þess, að ef sveitarfélög verði skuldbundin til þess að flokka landbúnaðarland gæti það leitt til þess að verið sé leggja fjárhagslegar byrðar á þau. Fjárhagsstaða þeirra er almennt mjög viðkvæm og því mikilvægt að meta slíkar breytingar.

SSV tekur undir ábendingu Dalabyggðar í þeirra umsögn að gæta þurfi að skilgreiningu skógræktar og samspili þess og landbúnaðar í lögum. Skógrækt er landbúnaður og ræktun þó að það sé ekki í sama skilningi og tún og sáðlönd en skógrækt er oft á tíðum aukabúgrein með hefðbundnum búrekstri.

Almennt mælir SSV með því að frumvarpið fái framgang, en áréttar þær ábendingar sem koma fram í umsögninni um hvað við teljum að skoða þurfi frekar.

Með vinsemd og virðingu

Páll S. Brynjarsson

Framkvæmdastjóri SSV